

**BORGARRÁÐ 29. október 2020: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til styrkþega vegna aflýsingar Menningarnætur 2020 - R20080056**

Þann 10. september sl. var lagt fram svar menningar- og ferðamálasviðs, dags. 4. september 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til styrkþega vegna aflýsingar Menningarnætur 2020, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 13. ágúst 2020 og finna má á þessari slóð:

[https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/14b\\_svar\\_vid\\_fyrirspurn\\_vegna\\_af\\_lysingar\\_menningarnaetur\\_2020.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/14b_svar_vid_fyrirspurn_vegna_af_lysingar_menningarnaetur_2020.pdf) Lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins af því tilefni fram eftirfarandi bókun: „Það er mikil viðurkenning og heiður að vera valinn úr 168 umsóknum til að flytja listviðburð á Menningarnótt sem kostaður átti að vera úr Menningarnæturpotti Landsbankans. Verkefnastjórn fór yfir umsóknir, valdi 37 verkefni og bindandi samningur var gerður. Í 1. gr. samningsins segir: „Styrkþegi skuldbindur sig til að framkvæma hið styrkveitta verkefni á Menningarnótt 2020, þ.e.a.s. á tímabilinu 13.-23. ágúst 2020“. Þetta ákvæði er afar afgerandi og meginreglur samningaréttar eru að samningar skulu standa. Reykjavíkurborg getur ekki borið fyrir sig forsendubresti því borgin hætti við Menningarnótt með þriggja daga fyrirvara. Á þessum tíma voru styrkþegar búnir að æfa stíft fyrir hátíðina og búnir að leggja út í mismikinn kostnað. Ljóst er á svarinu að Landsbankinn ætlar að standa við sínar greiðslur til Reykjavíkurborgar upp á 8 milljónir. Því er það óskiljanleg ráðstöfun að ákveðið hefur verið að greiða styrkþegum einungis 25% af áætluðum styrk. Þau 75% sem eftir standa eiga að fara til menningar- og listaverkefna í Reykjavík í haust og vetur. Það er afgerandi brot á samningnum við styrkþega og algjör álitshnekkur fyrir Reykjavík. Því er mælt til að borgin endurskoði afstöðu sína gagnvart styrkþegum nú þegar, standi við menningarnætursamningana og greiði þeim umsamdar fjárhæðir.“

Óánægju gætir með þetta fyrirkomulag og því eru lagðar fram eftirfarandi spurningar. 1. Hvers vegna tók Reykjavíkurborg þá ákvörðun að greiða einungis út 25% af umræddum styrk til styrkþega þegar Landsbankinn hafði greitt til borgarinnar umsamda fjárhæð? 2. Stenst það meginreglur samningaréttar að öðrum aðilum en styrkþegum sé greitt út eyrnamerkt fjármagn til listviðburða á Menningarnótt? 3. Hefur einhver útlagður kostnaður verið greiddur auk þessara 25% til hvers og eins til styrkþega? 4. Hver tók þá ákvörðun að veita 25% af fjármagninu sem Landsbankinn lagði til Menningarpottsins? 5. Er sú ákvörðun tekin í samráði við Landsbankann? 6. Hvaða nafngreindu aðilar hafa síðan fengið fjármagn úr Menningarpottinum og hversu háar upphæðir tæmandi talið? 7. Hvernig fór valið á þeim einstaklingum fram sem teknir voru fram fyrir styrkþega? 8. Hvað er mikið eftir af fjármagninu þann dag sem fyrirspurninni er svarað?